

**HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
219. fundur – 28. nóvember 2016**

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 28. nóvember 2016. Fundarstaður, skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 16.30. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk starfsmanna, Páls Stefánssonar og Guðmundar H. Einarssonar, sem ritaði fundargerð.

Fundargerð 218. fundar frá 31. október 2016 lögð fram.

1 Endurskoðun laga um hollustuhætti og mengunarvarnir

Framhald umræðu frá fundi sbr. lið 1 í fundargerð þann 31. október 2016 um vinnu sem fram fer í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu um endurskoðun laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Farið var yfir gögn sem komu til umræðu og ákveðið að taka málið fyrir að nýju.

2 Starfsleyfi og umsagnir

2.1 Starfsleyfi

Garðabær

2.1.1 Skeiðarás 3, Garðabær – vélaverkstæði

Lögð fram umsókn Sigurðar Arnar Sigurðssonar, f.h. Íspartar-vélavít ehf., kt. 430908-0810, dags. 3.11.2016, þar sem sótt er um leyfi til reksturs vélaverkstæðis að Skeiðarási 3, Garðabæ.

Húshluti: fastanr. 207-2120. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa

2.1.2 Smiðsbúð 6, Garðabær – gisting

Lögð fram umsókn Auðar Hallgrímsdóttur, f.h. Smiðjuvegur 4b ehf., kt. 640412-1350, dags.

11.11.2016, þar sem sótt er um leyfi til útleigu á allt að fjórum íbúðum að Skeiðarási 3, Garðabæ.

Húshluti: 0201 og 0204. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 4 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar.

Hafnarfjörður

2.1.3 Háaberg 37a, Hafnarfjörður – heimagisting

Lögð fram umsókn Sigrúnar H. Sigurðardóttur, kt. 081068-4889, dags. 17.11.2016, þar sem sótt er um leyfi fyrir heimagistingu að Háabergi 37a, Hafnarfirði. Húshluti: 02 01. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.1.4 Hraunvangur 7, Hafnarfjörður – dvalar- og hjúkrunarheimili

Lögð fram umsókn Péturs Magnússonar, f.h. Hrafnistu Hafnarfirði, kt. 491177-0129, dags.

21.11.2016, þar sem sótt er um leyfi til reksturs dvalar- og hjúkrunarheimilis að Hraunvangi 7, Hafnarfirði. Húshluti: Allt húsið, Endurnýjun

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirlit í eldhúsi verði uppfært.

2.1.5 Hraunvangur 7, Hafnarfjörður – sundlaug

Lögð fram umsókn Péturs Magnússonar, f.h. Hrafnistu Hafnarfirði, kt. 491177-0129, dags.

3.11.2016, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sundlaugar að Hraunvangi 7, Hafnarfirði. Húshluti: Sundlaug. Endurnýjun



Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.1.6 Hvammabraut 16, Hafnarfjörður – gisting

Lögð fram umsókn Magnúsar Jóns Kristóferssonar, f.h. Hvammabraut ehf., kt. 690916-1260, dags. 2.11.2016, þar sem sótt er um leyfi til útleigu á fasteign að Hvammabraut 16, Hafnarfirði. Húshluti: kjallari. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar.

2.1.7 Hverfisgata 50, Hafnarfjörður – heimagisting

Lögð fram umsókn Hlífur Ingibjörnsdóttur, f.h. Fyrirtækið okkar ehf., kt. 580506-0540, dags. 15.11.2016, þar sem sótt er um leyfi fyrir heimagistingu að Hverfisgötu 50, Hafnarfirði. Húshluti: 0302, 0302 Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 4 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.1.8 Kaplakriki, Hafnarfjörður – veitingastaður

Lögð fram að nýju umsókn Elsu Hrannar Reynisdóttur, f.h. Fimleikafélags Hafnarfjarðar, kt. 540169-2769, dags. 26.10.2016, þar sem sótt er um leyfi til veitingasölu í íþróttahúsi Kaplakrika, Hafnarfirði. Breyting á starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 1.6.2026 fyrir allt að 1000 gesti.

2.1.9 Miðhella 4, Hafnarfjörður – matvörudreifing

Lögð fram að nýju umsókn Júlíusar Þ. Júlíussonar f.h. Skipakosts slf. kt. 670110-1250, dags. 14.06.2016, þar sem sótt er um leyfi til matvörudreifingar frá Miðhelli 4, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvælagæðna er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.1.10 Strandgata 34, Hafnarfjörður – veitingastaður

Lögð fram umsókn Hjördísar Andrésdóttur, f.h. Skerjavars, kt. 590500-3130, dags. 21.11.2016, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastaðar að Strandgötu 34, Hafnarfirði. Nýr rekstraraðili.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Kópavogur

2.1.11 Askalind 8, Kópavogur – framleiðsla og dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Láru Borgar Lárusdóttur, f.h. SÖLVA Chocolates ehf., kt. 540616-1240, dags. 17.11.2016, þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu á súkkulaði að Askalind 8, Kópavogi. Húshluti: 0202. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.1.12 Auðbrekka 16, Kópavogur – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Guðmundar Jónssonar, f.h. Innco ehf., kt. 540815-0700, dags. 15.11.2016, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla frá Auðbrekku 16, Kópavogi. Húshluti: 01 0101. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.1.13 Grundargerði 83, Kópavogur - íþróttahús og félagsaðstaða

Lögð fram umsókn Gunnar Guðmundssonar f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags. 25.11.2016, þar sem óskað er yfirtöku á leyfi til reksturs íþróttahúss, félagsheimilis og veislusala að Furugrund 83, Kópavogi. Nýr rekstrar aðili.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er yfirtaka starfsleyfis til 24. janúar 2022 samþykkt.

2.1.14 Gunnarshólmi, Kópavogur – síun á matarolíu

Lögð fram umsókn Gunnars Haraldssonar, f.h. Gunnarshólma grasvinafélag ehf., kt. 620702-2690, dags. 3.11.2016, þar sem sótt er um leyfi til innsöfnunar og endurnýtingar á notaðri matarolíu að Gunnarshólma, Kópavogi. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2.1.15 Kópavogsgerði 10, Kópavogur – endurhæfingarstöð

Lögð fram umsókn Knútar Óskarssonar, f.h. Endurhæfingar – þekkingarsetur ehf., kt. 530504-2470, dags. 17.11.2016, þar sem sótt er um leyfi til reksturs endurhæfingarstöðvar með sund- og setlaug að Kópavogsgerði 10, Kópavogi. Húshluti: Allt húsið. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.1.16 Nýbýlavegur 18, Kópavogur – matvælaframleiðsla

Lögð fram umsókn Stefáns Barða Kristjánssonar, f.h. Forvirkis ehf., kt. 560169-0789, dags. 31.10.2016, þar sem sótt er um leyfi til matvælaframleiðslu í sama rými og annað matvælafyrirtæki hefur starfsleyfi í til reksturs ísbúðar að Nýbýlavegi 18, Kópavogi. Ný starfsemi á þessum stað. Afgreiðslu frestað þar sem gera þarf nánari gein fyrir fyrirkomulagi.

2.2 Umsagnir

Garðabær

2.3.1 Garðatorg 1-5, Garðabær – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 3.11.2016, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Garðabæjar, kt. 570169-6109, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir samkomu, á Garðatorgi, þann 17. nóvember 2016 frá kl. 20.30 – 22.45. Fyrir allt að 300 manns. Jákvæð umsögn staðfest.

Hafnarfjörður

2.3.2 Háaberg 37a, Hafnarfjörður – heimagisting, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 18.11.2016, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Guðlaugar M. Davíðssonar, kt. 080567-3839, þar sem sótt er um nýtt rekstrarleyfi fyrir heimagistingu samkvæmt flokki I við Háaberg 37a, Hafnarfirði.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

"Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 28.11.2016 starfsleyfi fyrir heimagistingu við Háaberg 37a, Hafnarfirði, skv. ákvæðum matvæla- og hollustuháttareglugerða. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki I, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfsemi valdi ónæði í nágrenninu. Jákvæð er umsögn veitt fyrir heimagistingu."

2.3.3 Hvammabraut 16, Hafnarfjörður – íbúðir, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 3.11.2016, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Hvammabraut ehf., kt. 690916-1260, þar sem sótt er um nýtt rekstrarleyfi fyrir gististað samkvæmt flokki II við Hvammabraut 16, Hafnarfirði.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

"Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 28.11.2016 starfsleyfi fyrir gististað í íbúð við Hvammabraut 16, Hafnarfirði, skv. ákvæðum matvæla- og hollustuháttareglugerða. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki II, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast að hávaði frá starfsemi valdi ónæði í nágrenninu. Jákvæðri umsögn veitt gististað í íbúð í fjöleigna húsi."

2.3.4 Hverfisgata 50, Hafnarfjörður – heimagisting, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 15.11.2016, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Fyrirtækið okkar ehf., kt. 580506-0540, þar sem sótt er um nýtt rekstrarleyfi fyrir heimagistingu samkvæmt flokki I við Hverfisgötu 50, Hafnarfirði.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:



"Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 28.11.2016 starfsleyfi fyrir heimagistingu að Hverfisgötu 50, Hafnarfirði, skv. ákvæðum matvæla- og hollustuháttareglugerða. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki I, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfsemiinni valdi ónæði í nágrenninu. Jákvæð umsögn fyrir heimagistingu verður veitt að fenginn jákvæðri úttekt."

Kópavogur

2.3.5 Bæjarlind 6, Kópavogur – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 3.11.2016, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Nemendafélags Borgarholtsskóla, kt. 621096-2149, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir samkomu, sem halda á í SPOT, Bæjarlind 6, Kópavogi, þann 10. nóvember 2016 frá kl. 22.00 – 01.00. Fyrir allt að 650 manns.
Jákvæð umsögn staðfest.

2.3.6 Bæjarlind 6, Kópavogur – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 4.11.2016, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Nemendafélags Flensborgarskóla, kt. 430985-0789, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir samkomu, sem halda á í SPOT, Bæjarlind 6, Kópavogi, þann 16. nóvember 2016 frá kl. 22.00 – 01.00. Fyrir allt að 600 manns.
Jákvæð umsögn staðfest.

2.3.7 Dalvegur 2, Kópavogur – veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 18.11.2016, þar sem óskað er umsagnar á umsókn ADA ehf., kt. 430407-1550, þar sem sótt er um endurnýjun á rekstrarleyfi fyrir veitingastað samkvæmt flokki I við Dalveg 2, Kópavogi.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

"Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 21.05.2012 starfsleyfi fyrir veitingastað við Dalveg 2, Kópavogi, skv. ákvæðum matvæla- og hollustuháttareglugerða. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki I, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfsemiinni valdi ónæði í nágrenninu. Jákvæð umsögn verður veitt fyrir veitingastað að fenginni jákvæðri úttekt."

2.4 Tóbaksleyfi

2.4.1 Strandgata 34, Hafnarfjörður - veitingastaður

Lögð fram umsókn Hjördísar Andrésdóttur, f.h. Skerjavars., kt.590500-3130, dags. 21.11.2016 þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu á veitingastað að Strandgötu 34, Hafnarfirði. Ný starfsemi.
Leyfisveiting samþykkt.

2.5 Annað

2.5.1 Matvælastofnun, reglugerð um miðlun upplýsinga til neytenda


Lagt fram til kynningar erindi Matvælastofnunar frá 24. nóvember 2016, þar sem óskað er eftir afstöðu til túlkunar reglugerðar um hvað telst fullnægjandi upplýsingar um heimilisfang matvælafyrirtækis þar sem lögboðið er að veita upplýsingar um nafn eða fyrirtækisheiti og heimilisfang þess aðila (matvælafyrirtækis) sem er ábyrgur fyrir merkingum vörunnar.

2.5.2 Fjarðargata/Strandgata, Hafnarfjörður – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf lögreglunar á höfuðborgarsvæðinu dags. 17.11.2016, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, þar sem sótt er um leyfi fyrir flugeldasýningu við Strandgötu á móti Firði, Hafnarfirði. þann 25. nóvember 2016 frá kl.19.00 – 19.10.
Jákvæð umsögn staðfest.

2.5.3 Fjarðargata, Hafnarfjörður – tímabundið starfsleyfi

Lögð er fram umsókn Geirs Bjarnasonar, f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 11.11.2016, þar sem sótt er um tímabundið leyfi fyrir flugeldasýningu við Fjarðargötu, Hafnarfirði.
Tímabundin starfsemi.



Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er veiting tímabundins starfsleyfis til flugeldasýningar þann 25.11.2016 staðfest.

2.5.4 Thorsplan, Hafnarfjörður – tímabundið starfsleyfi

Lögð er fram umsókn Geirs Bjarnasonar, f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 24.11.2016, þar sem sótt er um leyfi fyrir leyfi fyrir útimarkað í sölubásum í tengslum við jólaþorpið á Thorsplani í Hafnarfirði, þann 25.11.2016 til 18.12.2016. Tímabundið leyfi. Leyfisveiting staðfest.

3 Skipulagsmál

3.1 Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024. Brú yfir Fossvog

Lagt fram erindi skipulagsstjórans í Kópavogi frá 15. nóvember 2016, þar sem óskað er umsagnar um skipulagslýsingu vegna framkominnar tillögu um breytingu á gildandi aðalskipulagi. Nær tillagan til fyrirhugaðrar brúar yfir Fossvog frá Kársnesi í Kópavogi til Reykjavíkur vestan við sk. Kýrhamar Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemd og telur tillöguna styðja við lýðheilsusjónarmið.

3.2 Kársnes þróunarsvæði. Deiliskiplagslýsing

Lagt fram erindi skipulagsstjórans í Kópavogi frá 31. október 2016 þar sem óskað er umsagnar um skipulagslýsingu þróunarsvæðis Kársness dags. 14. október 2016.

Heilbrigðisnefnd óskar eftir að í skipulagsskilmálum vegna atvinnustarfsemi sem fyrirhuguð er í miklu nábýli við íbúðarhúsnæði verði tekið tillit til íbúða s.s. vegna hávaða, titrings, loftræstingar og sorps.

3.3 Aðalskipulag Garðabæjar 2016 - 2030

Lagt fram að nýju erindi skipulagsstjórans í Garðabæ frá 26. október 2016 um forkynningu á tillögu að aðalskipulagi Garðabæjar 2016 – 2030.

Heilbrigðisnefnd óskar eftir að eftirfarandi atriði verði tekin til skoðunar:

- Haldið verði uppi öflugum vörnum gegn hvers kyns mengun.
- Stefnt verði að aukinni endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs.
- Tryggt verði nægt neysluvatn með bestu gæðum.
- Góð upplýsingagjöf verði til íbúa s.s. um loftgæði.

3.4 Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013 – 2025

Lagður fram tölvupóstur umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar frá 11. nóvember 2016 um lýsingu og matslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar vegna vatnsverndar til samræmis við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

Heilbrigðisnefnd gerði ekki athugasemdir.

3.5 Undirhlíðanáma, Hafnarfirði. Deiliskipulag

Lagður fram tölvupóstur umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar frá 11. nóvember 2016 um breytingu á deiliskipulagi Undirhlíðanámu vegna fjölgunar háspennulína.

Heilbrigðisnefnd gerði ekki athugasemdir við að í deiliskipuagi verði gert ráð fyrir fjölgun háspennulína en lagfæra þarf í greinargerð upplýsingar um grunnástand umhverfis og önnur tengd atriði þar sem svæði það sem náman var á er á fjarsvæði vatnsbólans í Kaldárbotnum.

4 Önnur mál

4.1.1 Sala á óvörðum brauðvörum í verslunum Krónunnar

Lagður fram tölvupóstur lögmanns Krónunnar frá 4.11.2016. Fram kemur í tölvupóstinum að fyrirtækið hefur hafist handa við breytingar á fyrirkomulagi við meðhöndlun og sölu á fersku brauðmeti. Tilkynt var að fyrsta breytingin yrði í verslun fyrirtækisins að Hvaleyrarbraut 3 í Hafnarfirði.

Einnig lagðar fram ljósmyndir af gerð búnaðar við sölu á fersku brauðmeti í verslunum Krónunnar að Flatahrauni 13, sem teknar voru 14.11.2016 og 16.11.2016 og Hamraborg 18, Hvaleyrarbraut 3, Skógarlind 2 og Vallakór 4 sem teknar voru þann 16.11.2016.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„Upplýst er í tilefni af ofangreindum tölvupósti að athugasemdir snúast ekki eingöngu um hvort lok sé sett fyrir hverja körfu eða ekki. Heilbrigðisnefnd telur að stjórnendur fyrirtækisins fullnægi ekki skyldum stjórnenda matvælafyrirtækja með því að bjóða til sölu í sjálfsafgreiðslu ferskt brauðmeti án eðlilegs

umbúnaðar í fjórum af fimm ofangreindum verslunum fyrirtækisins sem allar eru í umdæmi heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.
Hér með leggur heilbrigðisnefnd fyrir stjórnendur fyrirtækisins að bæta nú þegar úr annmörkum á meðhöndlun og sölu á fersku brauðmeti í verslunum og að tryggja neytendum þannig öfluga vernd með tilliti til öryggis matvæla.

Vísað er til meginmarkmiða reglugerð (EB) nr. 852/2004 sem innleidd var með reglugerð stj.tíð.B 103/2010 og V. kafla II. viðauka.

Jafnframt leggur heilbrigðisnefnd fyrir stjórnendur fyrirtækisins að leggja fram innan 14 daga úrbótaáætlun sbr. ákvæði 5. gr. reglugerðar nr.103/2005 varðandi greiningu hættu og mikilvægra stýristaða í rekstri allra verslananna.“

4.2 Eftirlitsheimsókn ESA eftirlitsstofnunar EFTA.

Lögð fram til kynningar dagskrá eftirlitsheimsóknar ESA sem fram fer hér á landi 28. nóvember til 7. desember 2016. Í eftirlitsheimsókninni mun m.a. fara fram hjá heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis úttekt stöðu og æfing á vinnubrögðum við rekjanleika matvæla í dreifingarkerfi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:05 ⁰³



Gnýr Guðmundsson




Jón Bjarni Þorsteinsson



Svava H. Guðmundsdóttir



Fjölur Sæmundsson



Jón Haukur Ingvasón



Hörður Svavarsson